

Fundargerð hluthafafundar Skeljungs hf.

2. nóvember 2017

Fimmtudaginn 2. nóvember 2017 er haldinn hluthafafundur hjá Skeljungi hf. haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, í fundarsal I. Fundurinn hófst kl. 16.08.

1. Setning fundar. Kjör fundarstjóra og fundarritara.

Jón Diðrik Jónsson, stjórnarformaður félagsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Stjórnarmaður bauð hluthöfum að staldra við eftir fundinn ef áhugi væri fyrir því að ræða málefni félagsins.

Viðar Lúðvíksson, hrl., var kjörinn fundarstjóri og Ingunn Agnes Kro, hdl., var kjörin fundarritari.

Fundarstjóri fór yfir fundarboðun en til fundarins var boðað með auglýsingu sem birtist í Kauphöll og á heimasíðu félagsins þann 5. október 2017. Meðfylgjandi fundarboðuninni voru ályktunartillögur til fundarins og upplýsingar um réttindi hluthafa. Engin breyting var gerð á dagskránni eða tillögnum frá birtingunni. Lýsti fundarstjóri því að til fundarins hefði verið boðað með lögsmætum hætti. Fundarstjóri upplýsti að 13 hluthafar væru mættir til fundarins, fyrir hönd 26,4% hlutfjár.

Fundinn sátu af hálfu stjórnarmanna Jón Diðrik Jónsson, stjórnarformaður, og Trausti Jónsson, varaformaður stjórnar, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, regluvörður, auk fleiri starfsmanna félagsins.

Haldið var áfram með dagskrá fundarins, eins og hún hafði birst í fundarboði, en hún var svohljóðandi:

1. Kjör fundarstjóra og fundarritara
2. Tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum félagsins er viðkemur kaupum félagsins á eigin hlutum.
3. Önnur mál löglega upp borin.

2. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins.

Eftirfarandi tillögur lágu fyrir fundinum;

a. Tillaga að breytingu á 8. gr. um eigin hluti félagsins.

Félaginu er heimilt að eiga eigið hlutfé að því hámarki er lög leyfa. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutfé má ekki vera til lengri tíma en 18 mánaða hverju sinni. Verði heimild til kaupa á eigin hlutum veitt skal hennar getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi. Gætt skal að ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutfélög, um eigin hluti og kaup á eigin hlutum.

Fundarstjóri greindi frá tilgangi samþykktabreytingarinnar. Markmiðið að samsetning á fjármögnun félagsins sé með sem hagkvæmustum hætti og til þess að stilla af skuldahlutfall félagsins.

Fundarstjóri gerði þá tillögu að atkvæðagreiðsla færi fram með handauppréttingu og að atkvæðagreiðslunni yrði snúið við, þannig að fyrst myndu rétta upp hönd þeir sem væru á móti tillögunni. Sú tillaga um tilhögun atkvæðagreiðslunnar var samþykkt.



Tillaga stjórnar um breytingar á 8. gr. samþykktanna var því næst samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

b. Viðauki við samþykktirnar, skv. 8. gr.

Heimild félagsins til að kaupa eigin hluti samþykkt á hluthafafundi 2. nóvember 2017.

Hluthafafundur Skeljungs hf., haldinn þann 2. nóvember 2017, heimilar stjórn félagsins að kaupa í eitt skipti eða oftar fram að næsta aðalfundi hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess geti átt, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af hlutafé þess. Kaup félagsins skulu þó ekki fara fram yfir kr. 700.000.000,- að markaðsvirði. Heimild þessi skal aðeins nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3. Önnur mál löglega upp borin.


Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum.

Fundarstjóri gaf þá laust orðið. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bauð hluthöfum þvínæst að fundargerðin yrði upp lesin og fundarmönnum gefinn kostur á að gera athugasemdir við hana en enginn fundarmanna óskaði þess. Upplestri var því sleppt.

Fleira var ekki gert og var hluthafafundi félagsins slitið kl. 16:16.


Viðar Lúðvíksson, hfl., fundarstjóri


Ingunn Agnes Kro, hdl., fundarritari

Meðfylgjandi

- Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn.